



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 7. mars 2008

6. stjórnarfundur BLÍ, fimmtudaginn 6. mars kl. 17.10

Dagskrá

- Bikarkeppnin
- Lokahóf BLÍ
- Mótamál - úrslitakeppnir
- Heimsping í júní
- Ársping BLÍ
- Útbreiðslumál – krakkablak á norðurlandi
- Skipun nefndar fyrir Norðurlandamót unglunga U19
- Innsend / útsend bréf
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Harald Ísaksen og Hreggviður Norðdahl. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir boðaði forföll. Ekkert heyrðist í Svölu Vignisdóttur né Ástríði Valbjörnsdóttur. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Fundargerð

Jason sagði fund settan kl. 17.15

Tók Lokahóf BLÍ fyrir

- Auglýst var eftir félögum í Reykjavík til að sjá um lokahófið og barst ein umsókn frá Þrótti Reykjavík. Var umsóknin afgreidd með tölvupósti og því heldur Þróttur lokahófið þann 29. mars nk. í heimili Þróttar við Engjaveg. Heiðursgestur kvöldsins verður Kristján L. Möller samgönguráðherra.
- Stjórn BLÍ, varastjórn og framkvæmdastjóra er boðið á lokahófið.
- Framkvæmdastjóri er búinn að panta verðlaunagripa frá KLM.
- Formaður og framkvæmdastjóri sjá um að afhenda verðlaun líkt og verið hefur.
- Lokahófið er auglýst með þeim hætti að allir séu velkomnir og reynt að hvetja fólk til að mæta, þó svo að það spili ekki í efstu deild. Markmiðið er skýrt: **þetta er lokahóf fyrir alla.**



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Bikarkeppnin

- Úrslitakeppnin í bikarnum fer fram um aðra helgi. Undanfarnar vikur hefur framkvæmdastjóri reynt að fá svör frá RÚV um að fá úrslitaleikina sýnda í sjónvarpinu. Lítið hefur gengið með svör en hálfgerð loforð kom þann 13. desember sl. Á tölvupósti.
- Að öðru leyti gengur undirbúningur ágætlega, Markaðmenn eru að vinna sína vinnu og framkvæmdastjórinn sér um að manna fólk á leikina. Gólfíð verður sett niður að morgni 15. mars og óskar framkvæmdastjóri eftir aðstoð við það.

Mótamál

- Úrslitakeppnir eru á næsta leiti. 3. deild kvenna verður um helgina þar sem Jason mætir og afhendir verðlaun. Úrslitakeppni í 2. deild karla og kvenna verður á Seyðisfirði helgina 4.-6. apríl en framkvæmdastjóra gert að ganga frá fyrirkomulagi úrslitahelgarinnar strax og láta liðin vita.
- Úrslitakeppni í 1. deildinni verður á tímabilinu 5. apríl – 17. apríl.

Heimsping FIVB

Ákveðið var að senda fulltrúa á Heimsping FIVB.

Ársping BLÍ

Dagsetningar ræddar og ákveðið að hafa Árspingið laugardaginn 31. maí 2008. Jason og Sævar senda út fundarboð vegna þessa fyrir páska og boða verður Ævifélag BLÍ.

Útbreiðslumál

Krakkablað á Norðurlandi: Framkvæmdastjóri er að útbúa bréf í skóla á Akureyri en Hilmar Sigurjónsson og Sigurður Arnar Ólafsson mun sjá um kynningu á íþróttinni í grunnskólum á Akureyri og í nágrenni. Styrkur frá KEA fékkst í verkefnið vorið 2006 og er þetta endaspretturinn.

Skipun nefndar fyrir Norðurlandamót unglunga U19.

Ákveðið að festa mótið á Akureyri. Óskar talar við KA um samning um skipulagningu mótsins að öllu leyti.

Innsend / Útsend bréf

- Flest bréfa voru tilkynningar frá ÍSÍ, CEV og FIVB.
- Bréf vegna sjónvarpsstöðvar sent frá formanni FRÍ. Jason tók að sér að svara bréfinu á þá leið að vert væri að sækja fund vegna þessa málefnis.
- Bréf frá HK tekið fyrir um kynþáttafordóma í íþróttinni. Jason tók að sér að svara bréfinu með vísan í lög og reglur ÍSÍ.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

-
- Stefán benti á bréf sem væri á leiðinni frá leikmönnum sem koma til greina í landslið BLÍ. Tekið á því þegar þar að kemur.
 - Bréf frá FIVB tekið fyrir þar sem formanni er boðið að koma til Lausanne í Sviss á opnun nýrra höfuðstöðva FIVB. Kostnaður lítill sem enginn fyrir BLÍ og ákveðið að Jason færi.
 - Bréf frá CEV tekið fyrir um dómaraþing. Ákveðið að senda Leif Harðarson alþjóðadómara.

Önnur mál

- Framkvæmdastjóri bar upp þá ósk að taka upp netbókhald.is. Samþykkt að taka þetta upp hjá BLÍ þar sem núverandi bókhaldskerfi er að verða úrelt og engin þjónusta lengur þar við. Sævari falið að ganga frá þessu.
- Framkvæmdastjóri minnst á tölvumál sambandsins en þau eru í ólagi þar sem harði diskurinn er fullur enda orðinn 5 ára gamall a.m.k. Reynt að komast yfir eitthvað.
- Framkvæmdastjóri greindi frá áformum Michael Overhage og Jóhanns Sigurðssonar um byggingu strandblakshallar og það um að stjórn BLÍ gæfi út stuðningsyfirlýsingu þess efnis. Var það samþykkt, Jason og Sævar sjá um það.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.27.

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari